



**Banaslys 1. janúar 2009**  
Ólafsfjarðarvegur við Krossa  
Árekstur  
Látinn 65 ára karlmaður

### Lýsing á slysi

Slysið varð með þeim hætti að tvö ökutæki rákust saman á Ólafsfjarðarvegi skammt frá bænum Krossum í Eyjafjarðarsýslu. Ökumaður Suzuki bifreiðar ók suður Ólafsfjarðarveg í átt að Akureyri. Samkvæmt framburði vitna var aksturslag hans óeðlilegt. Hann ók á öfugum vegarhelmingi, rásaði milli akreina og var með kveikt á hættuljósum.

Ökumaður Hyundai Tucson bifreiðar ók á sama tíma Ólafsfjarðarveg til norðurs áleiðis til Dalvíkur. Ökumaðurinn sá til ferða Suzuki bifreiðarinnar nokkru áður en áreksturinn varð og var henni þá ekið á öfugum vegarhelmingi. Reyndi ökumaður Hyundai bifreiðarinnar að afstýra árekstri með því að hemla en síðan að sveigja yfir á öfugan vegarhelming. Það tókst þó ekki og varð árekstur á miðjum veginum (sjá mynd 1.). Hemlaför voru á vettvangi eftir Hyundai bifreiðina en engin hemlaför sáust eftir Suzuki bifreiðina.



**Mynd 1. Bifreiðarnar rákust saman nálægt miðlínu og var mikil ákoma á framendum þeirra.**

Í árekstrinum fórst ökumaður Suzuki bifreiðarinnar. Hann notaði ekki bílbelti og hlaut banvæna áverka eftir að hafa kastast fram á stýri bifreiðarinnar. Ákoma í árekstrinum var mest á vinstri framenda hennar en ökumannsrými var lítið afmyndað.

**Veður:**  
Skýjað.  
Logn.  
Þurr.  
-3 gráðu hiti.

**Vegur:**  
Hjólför vegarins voru auð en hálka í köntum.  
Malbikaður vegur.  
Hámarkshraði 90 km/klst.  
Meðaltalsumferð á sólahring: 1195 ökutæki.

**Tími**  
sólarhrings:  
Dagur.

**Ökutæki:**  
Suzuki Grand Vitara og Hyundai Tucson.

Ökumaður Hyundai bifreiðarinnar hlaut minniháttar áverka í árekstrinum. Hann notaði bílbelti. Loftpúðar blésu út í báðum ökutækjum við áreksturinn.

Slysið varð um miðjan dag og voru aðstæður til aksturs ágætar. Veður var skýjað, þriggja gráðu frost, logn og þurrt. Hálsa var í vegköntum vegarins en vegurinn sjálfur auður og án háliku. Á árekstursstað er Ólafsfjarðavegur beinn með bundnu slitlagi og hámarkshraði 90 km/klst. Akreinar eru hvor um sig rúmir þrjú metrar að breidd og malarvegaxlir þar fyrir utan. Hvít fullbrotin lína aðskilur gagnstæðar akreinar og eru vegstikur í vegbrúnum.

Ökutækin voru skoðuð af sérfræðingi án athugasemda um atriði sem skýrt geta aðdraganda slyssins. Bæði ökutæki voru á nýlegum óslitnum negldum hjólbörðum. Loftþrýstingur var eðlilegur í hjólbörðum utan vinstra framdekkis Suzuki bifreiðarinnar sem var loftlaust eftir áreksturinn.

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar ökumanns Hyundai bifreiðarinnar voru neikvæðar. Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar ökumanns Suzuki bifreiðarinnar sýndu að hann var ekki undir áhrifum áfengis en undir áhrifum svefnlyfja sem höfðu veruleg áhrif á hæfni hans til aksturs.

### **Orsakagreining**

- Ökumaður sem fórst í slysinu var undir miklum áhrifum svefnlyfja og var óhæfur til aksturs.
- Hann notaði ekki bílbelti.

### **Ábending**

#### **Lyfjaakstur**

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar ábendingu sem kom fram í varnaðarskýrslu sem nefndin gaf út árið 2007 um skert ökuhæfi vegna veikinda. Að mati nefndarinnar hefur ekki tekist nægjanlega vel til að framfylgja ákvæðum um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til ökumanna í íslenskum lögum og reglum. Því bindur nefndin miklar vonir við tillögur nefndar um endurskoðun umferðarlaganna sem miða að því að komið verði á fót embætti trúnaðarlæknis Umferðarstofu. Myndi trúnaðarlæknirinn úrskurða um ökuhæfi ökumanna sem vafi leikur á að geti stjórnað ökutækjum vegna veikinda.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hvetur ökumenn sem eru í áhættuhópi vegna aldurs, veikinda eða lyfjanotkunar til að bregðast við af ábyrgð og gangast undir skoðun á ökuhæfi sínu hjá læknum og stjórnvöldum.

**17.nóvember 2009**

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**